

Föstudaginn 15. janúar 1993.

Nr. 20/1993. **Steinunn Káradóttir**

gegn

Jóhannesi Vilhjálmsyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1992 þeim úrskurði héraðsdómara að fresta meðferð kröfu hans um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að úrskurða um kröfu hans um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem atvikum máls þessa er háttað, ber að fallast á það mat héraðsdómara, að rétt sé að fresta meðferð máls þessa með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Steinunn Káradóttir, greiði varnaraðila, Jóhannesi Vilhjálmsyni, 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1992.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 27. október 1992, hefur Steingrímur Þormóðsson hdl. f. h. Steinunnar Káradóttur, kt. 230148-3339, og Eyjólf Matthiassonar, kt. 010348-2939, farið þess á leit, að bú Jóhannesar Vilhjálmssonar, kt. 060436-2909, með lögheimili að Sléttuvegi 3, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir í þinghaldi, sem háð var 10. desember 1992. Lýsti þá Eyjólfur Matthíasson yfir því, að hann félli frá kröfum á hendur skuldara. Meðferð málsins var frestað til 11. desember 1992. Í því þinghaldi komu fram mótmæli skuldara gegn kröfu skiptabeiðanda um gjaldþrotaskipti. Var því þingfest sérstakt ágreiningsmál um mótmælin, sbr. 168. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili lagði fram greinargerð sína í þinghaldi 14. desember 1992, en varnaraðili 16. desember 1992. Málinu var þá frestað til munnlegs málflutnings til dagsins í dag..

Varnaraðili heldur því fram, að víxill sá, sem krafa sóknaraðila um gjaldþrotaskipti byggist á, hafi verið fenginn með refsiverðum hætti, þ. e., að um umboðssvik hafi verið að ræða. Fyrir liggur, að opinber rannsókn er í gangi vegna þessa. Er hér um framhaldsrannsókn að ræða, en í fyrri rannsókn málsins tókst ekki að sanna, að um refsiverðan verknað væri að ræða. Samkvæmt upplýsingum, sem dómari hefur fengið, mun framhaldsrannsókninni væntanlega ljúka hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á næstu dögum.

Sóknaraðili fékk umrædda víxilkröfu sína viðurkennda með dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1991. Komust þá ekki að varnir varðandi umboðssvik í því máli, þar sem það var rekið sem víxilmál að hætti XVII. kafla þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Er það ætlun varnaraðila að sækja um endurupptöku víxilmálsins á grundvelli þeirra gagna, sem kunna að koma fram í hinni opinberu rannsókn. Með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, þykir rétt að fresta meðferð máls þessa, þar til að séð er fyrir enda umræddrar rannsóknar, svo að leiða megi í ljós, hvort krafa sóknaraðila sé lögmætur grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Meðferð máls þessa er frestað, þar til að séð er fyrir enda opinberrar rannsóknar vegna ætlaðra umboðssvika sóknaraðila gagnvart varnaraðila.
